

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Dvalarheimilið Hlíð, Akureyri.

Bæjarráð Akureyrar í umboði bæjarstjórnar hefur þann 24. júní 2004 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag fyrir lóð Dvalarheimilisins Hlíðar og nágrenni. Skipulagið gerir m.a. ráð fyrir að byggð verði um 4.000 m² nýbygging á allt að þremur hæðum til stækkunar á dvalarheimilinu vestast og syðst á lóð þess, og að lóðin stækki til suðurs meðfram Þórunnarstræti á kostnað lóðar Norðurorku. Lóðarstækkunin verði notuð fyrir bílastæði.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 8. júlí 2004.

Bjarni Reykjalin,
skipulags- og byggingarfulltrúi.